

## GJALDSKRÁ

### fyrir söfnun og eyðingu sorps í Kjósarhreppi.

## 1. gr.

Kjósarhreppur mun á árinu 2011 innheimta gjald fyrir sorphirðu í sveitarfélaginu eins og nánar er kveðið á um í gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Sorphirðugjald, utan grunngjalds, miðast við stærð íláta og tæmingu á minnst tveggja vikna fresti. Vegna sumarhúsa og vegna lögbýla er lagt á sérstakt sorpgjald án tillits til stærðar íláta eða tæmingar.

## 3. gr.

Árið 2011 verður sorphirðugjald sem hér segir:

Flokkar:	Sorpgjald kr.	Grunngjald. kr.	Álagning, samtals kr.
A1. Sorpgjald 240 l	12.350	2.500	14.850
A2. Sorpgjald 360 l	14.700	2.500	17.200
A3. Sorpgjald 660 l	21.700	2.500	24.200
B. Sumarhús	2.500	2.500	5.000
C. Rekstur	10.920	2.500	13.420

## 4. gr.

Af skráðum fasteignum í sveitarfélaginu skal greiða grunnjald óháð stærð íláta og án tillits til tæmingar. Eigandi fasteignar greiðir sorphirðugjald nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist sorphirðugjaldið af ábúanda eða notanda. Eigendur jarða, ábúendur eða notendur, greiða eitt grunnjald enda séu skráðar fasteignir tilheyrandi jörðinni í umráðum saman eða sömu aðila og jörðin. Heimilt er að leggja sorpgjald samkvæmt flokki C á allar jarðir í sveitarfélaginu óháð því hvort búseta sé á jörðunum eða ekki og óháð því hvort rekstur sé á jörðunum eða ekki.

## 5. gr.

Sorphirðugjald skal álagt og innheimt með fasteignaskatti og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri, sem það er lagt á sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 7. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi hreppsnefndar Kjósarhrepps þann 16. desember 2010 samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Kjósarhreppi, nr. 30/2007, sbr. lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur hún gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

*Kjósarhreppi, 31. desember 2010.*

**Guðný G. Ívarsdóttir** sveitarstjóri.